

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

43. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn föstudaginn 12. nóvember 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu f.h. Sí, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, Arnbjörg Stefánsdóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir og Anna Lilja Sigurðardóttir. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Krafa félagsmanns um greiðslur vegna óhefðbundinna starfa í skólastarfi grunnskóla

Sí óskar eftir umræðu milli samningsaðila um skilning á bókun 5 í kjarasamningi aðila frá árinu 2020 sem fjallar um fastlaunasamning og viðbótargreiðslur til stjórnenda taki þeir að sér störf sem að falla utan við hefðbundin störf skólastjóra í grunnskóla. Bókun 5 hljóðar svo:

„Aðilar eru sammála um að fastlaunasamningur skólastjórnenda nái ekki til óhefðbundinna starfa í skólastarfi grunn- og leikskóla. Greiða skal aukalega fyrir slík störf í samráði við næsta yfirmann.

Dæmi um slík óhefðbundin störf eru: byggingarframkvæmdir, meiriháttar viðhald húsnæðis, mygluvandamál, bruni húsnæðis og flutningur starfsstöðvar.“

Málið rætt og aðilar eru sammála um skilning og innihald bókunar 5.

Jafnframt óskar Sí eftir því að samstarfsnefnd úrskurði um réttmæti kröfu félagsmanns á hendur sveitarfélagi vegna óhefðbundinna starfa sem stjórnandinn hefur sinnt í tengslum við byggingu nýs skólahúsnæðis. Sveitarfélagið hefur hafnað umræddum kröfum og lagt fram viðauka með ráðningarsamningi dags 11. október 2019 sem það telur sýna fram á að nú þegar sé verið að greiða stjórnandanum 10 yfirvinnutíma til viðbótar fastlaunasamningi sem er jafnramt ætlað að standa undir greiðslum til stjórnandans vegna byggingaframkvæmda.

Niðurstaða:

Í viðauka með ráðningarsamningi sem undirritaður er 11. október 2019 kemur fram að verið sé að greiða stjórnandanum 10 yfirvinnutíma til viðbótar fastlaunasamningi. Þá kemur fram að greiðslur komi til vegna tilfallandi vinnu utan hefðbundins vinnutíma. Í viðaukanum eru því ekki gerð skýr skil fyrir hvaða verkefni er greitt. Í viðaukanum er einungis skilgreint að um sé að ræða greiðslur vegna vinnuframlags og óskilgreindra verkefna sem fallið geta utan hefðbundins vinnutíma sem getur átt við um öll störf skólastjóra ef þannig hagar til.

Samstarfsnefnd er sammála um að ekki sé hægt að færa fyrir því málefnaleg rök eða lesa megi af umræddum viðauka með ráðningarsamningi að greiðslu 10 yfirvinnutíma sé ætlað að greiða viðkomandi stjórnanda fyrir óhefðbundinn störf vegna byggingaframkvæmda við skólann skv. bókun 5.

Samstarfsnefnd beinir því þeim tilmælum til sveitarfélagsins að stjórnandinn, í samráði við næsta yfirmann, fái aukalega greitt fyrir óhefðbundið starf sitt er lítur byggingaframkvæmdum við skólann.

Samstarfsnefnd beinir þeim almennu tilmælum til sveitarfélaga að þegar stjórnanda eru falin óhefðbundin verkefni í samræmi við bókun 5 sé þeim samhliða skylt að gera sérstakt samkomulag (viðauka við fastlaunasamning) um þau störf störf sem um ræðir. Þessum óhefðbundnu störfum skal gera skýr skil og að lágmarki skal geta þess fyrir hvað er greitt, hvernig og hve lengi.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 8:45.